



Berkjungabólga há börnum (RS vírus)


Upplýsingarit fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra



Berkjungabólga hjá ungbörnum

Þetta fræðsluefni inniheldur upplýsingar um helstu einkenni, meðferð og hugsanlegar afleiðingar af berkjungabólgu hjá ungbörnum.

- Berkjungabólga er sýking í neðri hluta öndunarfæra sem einkennist af bólgu og aukinni slímmyndun í berkjum og berkjungum lungna.
- Sýking af völdum RS veiru (respiratory syncytical virus) er algengasta orsök berkjungabólgu en fleiri veirur geta valdið sýkingunni t.d. human metapneumovirus, influensa og adenovirus. Bakteríur eru afar sjaldan orsakavaldar.
- RS veira er kvefveira sem getur valdið faröldrum á veturnum sem standa vanalega yfir í 2-5 mánuði.
- Hjá ungbörnum getur sýkingin valdið öndunarefiðleikum vegna berkjunga-bólgu, þ.e. bólgu sem verður í smærri berkjum lungnanna.
- Hluti barna fær eyrnabólgu samfara sýkingunni. Einnig er hættu á ofþornun.



Hverjir sýkjast?

- Fullorðnir og börn fá öndunarfærasýkingar af völdum þessara veira. Mikill meirihluti barna hefur t.a.m. fengið RS sýkingu við 2ja ára aldur.
- Veirurnar valda ekki langvinnu ónæmi og þess vegna er algengt að einstaklingar sýkist á ný, t.d. í RS faröldrum.

Smit

- Smithætta er mest eftir snertingu en veiran berst einnig með nefslími eða munnvatni t.d. við hnerra og hósta.
- Árangursríkasta leiðin til að koma í veg fyrir smit er tíður handþvottur, sérstaklega eftir snertingu.
- Ekki er vitað nákvæmlega hversu lengi einstaklingar smita en það getur verið í 1-2 vikur.

Einkenni

- Langflestir sem sýkjast fá í byrjun kvef og hósta, nefrennsli og svo nefstíflu. Einnig getur barnið verið pirrað, með minnkaða næringarinntekt, uppköst og lágan hita. Eftir nokkra daga gætu einkennin versnað með auknum öndunarerfiðleikum.
- Í flestum tegundum berkjungabólga af völdum veira ná einkennin yfirleitt hámarki eftir 3-6 daga og geta varað í 1-2 vikur.
- Ungbörn, langveik börn eða astmaveik börn fá stundum kröftugri öndunarfæraeinkenni sem eru yfirleitt meira áberandi eftir því sem barnið er yngra.

Leitið læknis ef eftirfarandi einkenni koma fram:

- Ef barnið fær stutt öndunarhlé eða blámaköst.
- Ef barnið fær versnandi öndunarfæraeinkenni s.s. hraða öndun (öndunartíðni yfir 60 á mín), stunur, nasavængjablakt og barnið erfiðar meira við öndun.
- Ef barnið drekkur lítið (50-75% af því sem það drekkur vanalega) og virðist vera að þorna. Merki um það eru t.d. þurr munnslímhúð, minnkuð tára- og þvagframleiðsla (ekki bleytt bleyju í 12 klst).
- Vaxandi þróttleysi. Ef barn bregst ekki við venjulegu áreiti eða vaknar aðeins við langvarandi örvun.

Meðferð:

Heima:

- Ef nef er stíflað er æskilegt að nota saltvatnsdropa og sjúga slím úr vitum með nefslugu. Hjá eldri börnum má nota dropa sem minnka bjúg í nefi.
- Mikilvægt er að barnið drekki nóg. Ef illa gengur er ráðlegt að leggja barnið oftár á brjóst og/eða gefa minna magn í pela oftár yfir sólarhringinn.
- Til að hefta útbreiðslu sýkingar er handþvottur mjög mikilvægur. Einnig að forðast mannmergð.
- Ef barn virðist vera með verki er hægt að gefa verkjalyf samkvæmt leiðbeiningum.
- Mikilvægt er að reykja ekki nálægt barninu. Óbeinar reykingar geta haft alvarlegar heilsuspillandi afleiðingar og aukið öndunarerfiðleika.

Á sjúkrahúsi:

- Ef barnið drekkur lítið gæti þurft að gefa því næringu í gegnum slöngu um nef eða vökva í æð.
- Til að létta barninu öndun gæti þurft að gefa því saltvatnsdropa í nasir og sjúga slím úr vitum.
- Ef barnið heldur ekki uppi súrefnismettun í blóði gæti þurft að gefa því súrefni.
- Í einstaka tilvikum eru gefin innúðalyf sem vikkar lungnaberkjur og léttir á önduninni.
- Sýklalyf hjálpa ekki gegn sýkingum af völdum veira.
- Barn og foreldrar eru í einangrun á spítalanum, til að hindra útbreiðslu sýkingarinnar.

Hve lengi varir berkjungabólga?

- Flest börn sem fá berkjungabólgu ná bata innan tveggja vikna en geta verið lengur með hósta.
- Barnið getur farið í dagvistun þegar það hefur náð góðum bata, er án einkenna um öndunarerfiðleika, hitalaust og farið að nærast eðlilega.



ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
BARNASPÍTALI HRINGSINS FEBRÚAR 2018 / LSH-924

ÁBYRGÐARAÐILAR:
YFIRLÆKNIR BARNALÆKNINGA OG DEILDARSTJÓRAR BRÁÐAMÓTTÖKU BARNA
OG BARNAEILDAR

LJÓSMYNDIR:
ÞORKELL ÞORKELSSON

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD LSH